

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingarleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Norðurþingi, nr. 810/2016.

1. gr.

7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

7. gr.

#### *Eldri samninga og skilmálar um gatnagerðargjald.*

Um samninga um gatnagerðargjald af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarfélagið Norðurþing fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjald, sem sveitarstjórn hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi og lóðareigandi hafa undirgengist, fer eftir eftirfarandi ákvæðum:

a) *Gatnagerðargjald vegna lóða sem úthlutað var fyrir 1. febrúar 2006:*

Ákvæði samþykktar um gatnagerðargjald í Húsavíkurbæ frá 21. maí 1997 gildir í öllu sveitarfélaginu um lóðir sem úthlutað var fyrir 1. febrúar 2006. Þó skal ekki innheimta gatnagerðargjald af viðbyggingum minni en 12 m<sup>2</sup> eða sjálfstæðum garðhúsum innan lóða minni en 12 m<sup>2</sup>.

b) *Gatnagerðargjald vegna lóða sem úthlutað var eftir 1. febrúar 2006 en fyrir 1. mars 2007:*

Ákvæði samþykktar um gatnagerðargjald í Húsavíkurbæ frá 21. febrúar 2006 gildir í öllu sveitarfélaginu um lóðir sem úthlutað var milli 1. febrúar 2006 og 1. mars 2007.

2. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Norðurþings þann 22. nóvember 2016 skv. heimild í 12. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald og öðlast þegar gildi.

*Norðurþingi, 22. nóvember 2016.*

**Kristján Þór Magnússon** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. desember 2016